

Taktfakt ehf.
Bergþórugötu 23
101 Reykjavík



Vestmannaeyjum 27. maí 2016
UST201603-112/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Kleifarvatn - viðburðarhald

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Taktfakt ehf., dags. 13. mars 2016, vegna leyfis til tónleikahalds þann 4. júní 2016 við Kleifarvatn.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða allt að 2000 manna 12 klukkutíma langa tónlistarhátíð sem til stendur að halda í fjörunni við Kleifarvatn. Undirbúningur fyrir hátíðina hefst þann 28. maí með uppsetningu aðstöðu og er gert ráð fyrir að frágangi verði lokið 6. júní. Í tengslum við hátíðina verða sett upp 20 kamrar á kerrum, skrifstofugámur fyrir skipuleggjendur, gámur undir rafstöð, ca 30 m² svið (ekki yfirbyggt), standtjald fyrir hljóðmanninn við svið, sjúkratjald, ruslagámur, ruslatunnur, veitingaraðstaða og þrír barir úti í vatninu. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum þar sem boðið er upp á rútuferðir frá Reykjavík að tónleikastaðnum. Munu rútur ganga allan tímann til að ferja farþega á meðan hátíðinn stendur yfir. Verður óheimilt að koma á hátíðina á einkabílum til hátíðarinnar. Nákvæm staðsetning tónleikana hefur ekki verið gefin upp til að koma í veg fyrir að gestir komi sér sjálfir á staðinn. Tónlistarflutningur mun fara fram á þremur stöðum í fjörunni samkvæmt korti sem fylgdi umsókninni. Upphafs og lokatriði munu fara fram á einum stað en yfir hátíðina verða tveir tónleikastaðir í gangi til að dreifa mannfjöldandum. Hellirinn í Syðri stapa er annar þessara staða en auk þess verður sett upp svið úr álpöllum sunnar í fjörunni. Ekki verður sett upp svið í hellinum og þar sem opunar og lokathöfnin fer fram. Veitingaraðstaðan verður reist úr hjallaefni með þaki til að rétt skýla fólki meðan það verslar. Aðstaðan mun vera 4x10 metrar að stærð. Barir sem settir verða upp munu vera í flæðarmálinu þar sem er aðgrunnt. Verða þeir reistir úr álpöllum en timbur notað í barborð. Vatnið sjálft verður nýtt sem kæliaðstaða fyrir drykkjarfönginn. Gámur undir rafstöð, skrifstofugámur, gámur undir rafstöð og ruslagámur verða staðsett við veginn til að koma í veg fyrir utanvegarakstur. Rafstöðin er geymd í gámi til að koma í veg fyrir að olía berst í jarðveginn ef leki kemst að henni. Kamrar verða dregnir inn á svæðið með handaflí. Stærstur hluti þeirra verður staðsettur skamt frá aðlahliðinu en nokkrir verða settir upp við stóra sviðið og eru ætlaðir listamönnunum. Svæðið mun ekki verða aðgirt en gæslan mun sjá til þess að fólk haldi sig í fjörunni og fari ekki upp á stapana eða yfir veginn til að halda raski í lágmarki. Starfsmenn á svæðinu munu verða 50 auk 30 sjálfboðaliða sem munu sjá um ruslatínslu. Aðstaða fyrir starfsfólk mun verða utan hátíðarsvæðis og verður það ferjað á milli. Björgunarsveit mun verða á svæðinu með tvo menn og bíl. Gæslan verður annars í höndum skipuleggjanda hátíðarinnar. Vegatálmur verða settir upp á veginum sithvorumegin við svæðið í samvinnu við lögregluna í Grindavík og björgunarsveitir til að sjá til þess að umferð gangi snuðrulaust fyrir sig og bílar keyri fram hjá svæðinu og stoppi ekki í vegöxlunum.

Ahrifamat:

Um er að ræða framkvæmd sem mun hafa mikið álag á svæðið og líkleg til að valda einhverju raski. Að mati Umhverfisstofnunar er þó um afturkræfa framkvæmd að ræða og álagið tímabundið. Framkvæmdin mun því ekki rýra verndargildi svæðisins. Umsagnar vegna framkvæmdarinnar var leitað til stjórnar Reykjanesfólkvangs. Stjórnin lagðist ekki gegn framkvæmdinni en lýsti yfir áhyggjum af hvernig öryggisgæslu yrði háttáð og umferð fólks um Stapana og kletta. Stofnunin veitir því leyfi fyrir framkvæmdinni innan friðlandsins eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum. Skal þess gætt að beina umferð fólks frá viðkvæmum svæðum og þar sem hætta getur stafað af umhverfinu sbr. klettaveggjum
- Við uppsetningu mannvirkja verði tryggt að ekki skapist slysaætta af þeim og þau standist veðurálag. Leita skal leiða við að nota efni sem skaðar ekki umhverfið.
- Óheimilt er að fara í mannvirkjagerð við klettaveggi og skal sérstakrar aðgátar gætt við þá þar sem hætta er á grjóthruni.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er því að keyra niður í fjöruna á vélknúnu farartæki. Undantekning er umferð neyðarbíla þ.e. sjúkrabíll, lögregla, slökkvilið og björgunarsveit ef slys verður á svæðinu sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.
- Þess verði gætt að týna upp sem mest af ruslinu jafnóðum á meðan hátíðinn stendur yfir.
- Ganga skal snyrtilega um hátíðarsvæðið og nágrenni þess og þess gætt að allt rusl verði fjarlægð þegar hátíðinni lýkur.
- Öllum úrgangi skal fargað með viðeigandi hætti utan fólkvangsins.
- Gæta skal að mengunarvörnum og skal umsækjandi gera viðbragðsáætlun ef slys verður.
- Leyfi fáiast frá heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Lögreglunni fyrir hátíðinni.
- Heimild fáiast frá vegagerðinni fyrir uppsetningu vegatálmana.
- Leitað verði eftir því við lögregluna/vegagerðinar að umferðarhraði í kringum hátíðarsvæðið verði minnkaður til að tryggja betur öryggi gesta og starfsfólks þar sem salerni og önnur aðstaða verður við veginn.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og öll ummerki rökuð í burtu.
- Umhverfisstofnun verði látin vita þegar framkvæmdir hefjast og þeim lýkur.
- Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að afturkalla leyfið ef skilyrðum hennar er ekki uppfyllt eða sýnt verður fram á að rask vegna hátíðarinnar verði meirra en gert var ráð fyrir.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi eftir að mannvirki hafa verið fjarlægð. Rukkað verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 Isl.kr. per klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur